

Nð.

377. Breytingartillögur

við frumv. til laga um eignarnám á Nikulásarkeri í Norðurá.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Sigurðsson, Jón Ólafsson.

1. 1. gr. skal orða svo: Bannað er að veiða lax í Nikulásarkeri í Norðurá.
2. 2. gr. skal orða svo: Greiða skal núverandi Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eftir mati dómkvaddra manna, og skulu bæturnar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.
Peir, er laxveiðirjett hafa í Norðurá, skulu greiða bæturnar til prestsins, og skal jafna þeim niður ásamt matskostnaði á þá, er veiðirjett hafa, eftir hlunnindaskýrslum 5 síðustu ára að tiltölu eftir veiðimagni.
Sýslumaður jafnar gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksrjettur.
Þegar næst verða prestaskifti í Stafholti, falla bæturnar niður.
3. 3. gr. skal orða svo: Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna í rikissjóð, og skulu mál út af brotum rekin sem almenn lög-reglumál.
4. Eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. Fyrirsögnin verði:
Frumvarp til laga um bann gegn laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.